

Kópavogsbær
Karlotta Helgadóttir
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 11. apríl 2024
Tilvísun: 202312020 / 3.5

Efni: Breyting á deiliskipulagi Kjóavellir, Landsendi 31, Kópavogsbær

Kópavogsbær hefur, með erindi dags. 14. mars 2024, sent Skipulagsstofnun breytingu á ofangreindu deiliskipulagi til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 23. janúar 2024. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum en umsögn barst frá Heilbrigðiseftirliti og ábending vegna vegar frá Skógræktarfélagi Kópavogs. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt með breytingum í bæjarstjórn þann 13. febrúar 2024 ásamt umsögn um framkomnar umsagnir, dags. 2. febrúar 2024.

Deiliskipulagsbreytingin felst í að afmörkun á nýjum byggingarreit fyrir nýjan 4.000 m³ miðlunargeymi norðan við núverandi vatnstank sem er sömu stærðar, á svæði sem er að mestu leyti óhreyft. Núverandi aðkoma helst óbreytt frá Landsenda en fyrirkomulag bílastæða breytist. Fallið er frá byggingarreit og lóð fyrir fjarskiptamastur en gert veður ráð fyrir lóð fyrir fjarskiptamastur í deiliskipulagi Vatnsendahlíðar.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1:2000, dags. 2. nóvember 2023 og breytt 22. nóvember 2023 og 2. febrúar 2024. Fylgigögn eru Jarðtækniskýrsla unnin af Mannvit, dags. 28. febrúar 2023.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir athugasemd við að bæjarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda þar sem núverandi byggingareitur vatnstanks á svæðinu viðist vera innan tveggja deiliskipulagsuppdrátta þ.e. annars vegar í ofangreindu deiliskipulagi Kjóavalla, hesthúsabyggð og hins vegar á deiliskipulagi Vatnsendahlíðar – Þing.

- Einnig þarf að gera breytingu á aðliggjandi deiliskipulagi Vatnsendahlíðar samhliða, sbr. það sem kemur fram í texta deiliskipulagsbreytingarinnar og gera þar grein fyrir byggingareit og lóð fyrir fjarskiptamastur sem er verið að falla frá í breyttu deiliskipulagi Kjóavalla.

Skipulagsstofnun minnir á að sveitarstjórn skal taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

Guðrún Lára Sveinsdóttir

